

Alþingi
Erindi nr. P 127/2007
komudagur 24.4.2002

Pórður Ásgeirsson

23.04.2002 11:16

To: nefndasvid@althingi.is
Subject: 579. mál og 648. mál

Fiskistofa hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54 16.maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Fiskistofa telur sjálfsagt að sá fiskur sem veiddur er af íslenskum fiskiskipum skili eins miklum verðmætum og unnt er í þjóðarbúið. Fiskistofa tekur ekki afstöðu til þess að hve miklu leyti reynt verði að tryggja þetta með lagasetningu eins og frumvarpi þessu er ætlað, eða þá að hve miklu leyti þetta skuli ráðast af markaðsöflum. Ljóst er að það sem til fellur við vinnslu afla um borð í veiðiskipum er misgóð markaðsvara. Um þessar mundir er t.d. góður markaður fyrir þorskhausa en varla fyrir hausa annarra tegunda eins og karfa, steinbits, síldar og ýsu. Í stærstum hluta íslenska fiskiskipaflotans er aflinn slægður um borð án þess að innyfli séu hirt og í dag er skipaflokkum ekki mismunað varðandi heimildir til að kasta þessum úrgangi í sjóinn.

Fiskistofa hefur einnig fengið til umsagnar frumvarp til laga um hvalveiðar en kýs að tjá sig ekki um efni þess.